

Mánudaginn 19. nóvember 1917.

Nr. 58/1917.

Einar M. Jónasson  
 gegn  
 Emil Strand.

D ó m u r :

Emil Strand kaupmaður hér í bænum gerði samning dags. 23. okt. 1915 við Árna Jónsson skipstjóra og Ágúst Magnússon um, að þeir skyldu grafa grunn undir bræðslu- eða reykskúr 9,60×8,40 metra að stærð, múra undir skúrinn og fága gólfíð; ennfremur gera kjallara undir skúrnum eftir teikningu, steypa gólf í hann og fága veggina; þeir skyldu og ganga frá vatns- og lokrennupípum innanhúss og út fyrir grunninn, og átti verkinu að vera lokið í lok nóvembermánaðar s. á. Fyrir það átti Strand að greiða þeim Árna 125 kr. jafnóðum og verkinu miðaði áfram og afganginn þegar því væri lokið; hann átti og að flytja allt efni á byggingarstaðinn og lita eftir að ekkert vantaði. Með því að vatnsagi var í jörðinni, þar sem fyrst var byrjað að grafa kjallarann, var hætt við verkið þar eftir 2 daga og grafið á öðrum stað skamt frá. Þegar þar var komið gekk Ágúst Magnússon frá verkinu og annaðist Árni Jónsson um það úr því. Hann lauk þó eigi verkinu til fulls, en þegar hann hætti taldi hann til 80 kr. skuldar hjá Strand, er honum væru ógreiddar af umsamdri borgun. Þessa kröfu-upphæð á hendur Strand framseldi Árni Einari M. Jónassyni yfirréttarmálaflutningsmanni og höfðaði hann þetta mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til að fá Strand dæmdan til

að greiða sér upphæðina með 6% ársvöxtum og málskostnaði. En með dómi nefnds réttar uppkveðnum 22. febr. þ. á. var Strand sýknaður af kröfunni og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir Einar M. Jónasson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 3. ág. þ. á. og haldið þar fram sömu kröfum og fyrir undirréttinum og auk þess krafist málskostnaðar að skaðlausu fyrir báðum réttum.

Stefndi, Emil Strand, krefst staðfestingar á bæjarþingsdómnum og málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi að skaðlausu, eða eftir mati réttarins. — Samkvæmt reikningi stefnda, er Árni Jónsson hefir viðurkent réttan, hefir stefndi greitt honum 135 kr. 85 aura fyrir verk það, er ræðir um í samningnum 23. okt. 1915. En áfrýjandi heldur því fram, að 90 kr. 85 a. af þessari upphæð séu greiddar fyrir vinnu við aðflutning á verkefni og umsjón með henni; hafi Árni annast þessa greiðslu fyrir stefnda, sem hafi átt að bera allan kostnað við þá vinnu samkvæmt samningnum; hafi Árni því að eins fengið 45 kr. af umsamdri borgun, en 80 kr. séu honum vangreiddar. Stefndi kannast hins vegar eigi við, að hann sé í neinni skuld við Árna Jónsson eða áfrýjanda út af téðum viðskiftum þeirra Árna, en kveðst þvert á móti hafa greitt Árna 10 kr. 85 a. umfram umsamda borgun, eins og reikningurinn beri með sér. Í reikningnum segir hann að séu að vísu taldar greiðslur fyrir aðflutning á byggingarefni, en því sé svo varið, að í upphafi hafi verið ákveðið, að kjallarinn skyldi vera 3 álna djúpur, en síðar hafi stefndi

látið það eftir, að dýptin yrði að eins 2 álnir gegn því, að Árni annaðist á sinn kostnað flutning á grjótefni frá þeim stað, er fyrst var byrjað á verkinu, þangað, er kjallarinn síðar var grafinn. En aðalvarnarástæða stefnda er sú, að Árni hafi eigi lokið við verkið eins og um var samið og geti því eigi átt rétt á fullri borgun fyrir það. Tjáist stefndi oft hafa skorað á hann að fullgera verkið, en hann eigi sint því. En þó að Árni, að álitum stefnda, hafi fengið meira en fulla borgun fyrir verk það, er hann hefir unnið, kveðst stefndi engu að síður vera fús til að greiða Árna 80 kr. að frádregnum áðurtöldum kr. 10,85 gegn því, að hann ljúki verkinu að fullu.

Við þessa umsögn stefnda hefir áfrýjandi athugað og Árni Jónsson borið það sem vitni, að ekkert hafi verið ákveðið um dýpt kjallarans annað en það, að hann skyldi grafinn niður á hellu, og það hafi verið gert. Ákvæði sammingsins um það, að stefndi skyldi sjá um alla efnisflutninga á byggingarstaðinn hafi að engu verið breytt. Árni kannast við, að hann hafi eigi lokið verkinu til fulls, eins og áskilið er í samningnum, en ógert hafi verið að steinlima og fága kjallarann og steypa gólf í hann og gólf undir skúrinn. En hann heldur því fram, að þessu hafi verið slept eftir fyrirlagi stefnda, því að hann hafi eigi viljað kosta til þess eftir að honum hafi verið synjað um að hafa bræðslu í skúrnum. — Það verður að teljast viðurkennt af stefnda, að 60 kr. 85 a. af framangreindri reikningsupphæð hafi verið greiddar fyrir flutning á byggingarefni, og með því stefndi

hefir eigi sannað, að Árni hafi samþykkt neina breytingu á hér að lútandi ákvæði samningsins, verður þessi upphæð eigi talin greidd upp í samningsverðið. En á hinn bóginn hefir áfrýjandi eigi sannað, að Árni hafi greitt meir en nefndar 60 kr. 85 a. fyrir flutning á efni, og verður þá að gera ráð fyrir, að 75 kr. af reikningsupphæðinni hafi greiðst upp í samningsverðið, svo að 50 kr. af því séu ógoldnar. En svo sem þegar er sagt var töluvert ógert af hinu umsamda verki, og áfrýjandi hefir eigi sannað, að það hafi verið eftir ósk eða fyrirmælum stefnda eða að hann að öðru leyti hafi átt sök á því, að Árni skildi þannig við verkið. Eftir samningnum átti borgun að greiðast jafnóðum og verkinu miðaði áfram, en eftir þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru, verður það eigi séð, hvort nokkuð eða hve mikið vangoldið sé fyrir það, sem unnið hefir verið, og er því eigi í samningnum heimild til að skylda stefnda til að greiða meir en hann hefir goldið. En með því stefndi hefir tjáð sig fúsan til að greiða hina umstefndu upphæð að frádregnum 10 kr. 85 a., ef verkið yrði fullgert samkvæmt samningnum, virðist mega taka til greina kröfu áfrýjanda þannig, að stefndi verði skyldaður til að greiða honum 80 kr. ÷ 10 kr. 85 a. = kr. 69,15, gegn því, að áfrýjandi láti fullgera verkið eins og um var samið. — Málskostnaður fyrir báðum réttum þykir eftir atvikum rétt að falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Emil Strand, greiði áfrýjanda, Einari M. Jónassyni, 69 kr. og 15 a. gegn því, að áfrýjandi láti fullgera verk það, er ræðir um í framangreindum samningi dags. 23. okt. 1915.

Málkostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 26. nóvember 1917.

Nr. 70/1917.

Sveinn Björnsson f. h.  
Det danske Mælkecompagni  
gegn  
Halldóri Gunnlögssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði yfirréttarmálaflutningsmaður Sveinn Björnsson fyrir hönd hlutafélagsins »Det danske Mælke-Compagni« í Kaupmannahöfn fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn umboðssala Halldóri Gunnlögssyni hér í bænnum til greiðslu á andvirði fyrir niðursoðna mjólk, er hann hafði fengið hjá nefndu firma, að upphæð 738 kr. 40 a. ásamt 6% vöxtum